

Miðvikudagurinn 8. júlí 1998 kl. 9:00

114. fundur samkeppnisráðs

Álit nr. 6/1998

Fyrirhuguð sameining Skífunnar ehf. og Spors ehf.

I.

Málavextir

1.

Þann 18. júní sl. barst erindi frá Gunnari Jónssyni hrl. f.h. Skífunnar ehf. og Spors ehf. Er þess óskað, á grundvelli 3. mgr. 18. gr. samkeppnislaga, að samkeppnisráð meti hvort sameining fyrirtækjanna tveggja fari í bága við samkeppnislög.

Í erindinu er bent á, að samkvæmt skýrslu sem Coopers og Lybrand – Hagvangur hf. hafi sent frá sér vegna upplagseftirlits fyrir samtök hljómplötuframleiðenda á Íslandi, hafi Skífan verið með 45,9% markaðshlutdeild á árinu 1997, sé miðað við veltu, Spor hafi verið með 32,2% og Japis 21,6%. Upplagseftirlit þetta hafi hins vegar ekki náð til annarra en fyrrgreindra fyrirtækja auk Íslenskrar tónverkamiðstöðvar. Ótalin er útgáfa sem listamenn standa sjálfir að. Í erindinu er á það bent að samkvæmt framansögðu yrði hið sameinaða félag Skífunnar og Spors með yfirburðastöðu á hljómfanga-markaðnum, eins og það er orðað.

Í lok erindisins er fjallað um líkleg áhrif sameiningarinnar á markaðinn. Í því sambandi er bent á það mat Skífunnar og Spors að greiður aðgangur sé að dreifingarmarkaðnum auk þess sem fleiri hafi haslað sér völl á smásölumarkaðnum, s.s. stórmarkaðir og bensínstöðvar. Loks er bent á það að eigendur Skífunnar hafi nú þegar virk yfirráð í Spori með vísan til skilgreiningar í samkeppnislögum á því hugtaki. Sameiningin hafi því enga breytingu á samkeppni í för með sér í skilningi samkeppnislaga.

2.

Að beiðni Samkeppnisstofnunar bárust stofnuninni, með bréfi dags. 19. júní, ýmis gögn frá því apríl og maí 1993 varðandi Spor. Um það leyti stofnuðu Jón Ólafsson, aðaleigandi Skífunnar og Steinar Berg Ísleifsson, þá aðaleigandi fyrirtækjanna Hljómplötuútgáfunnar Steina hf. og Steinars Músik og myndir, nýtt fyrirtæki, Spor, til

að yfirtaka allan rekstur áðurnefndra fyrirtækja Steinars Berg Ísleifssonar. Eignuðust Jón Ólafsson og Steinar Berg Ísleifsson, hvor um sig 50% í Spori. Var gerður hluthafasamningur í hinu nýja félagi, undirritaður 5. maí 1993.

II.

Álit samkeppnisráðs

1.

Í erindi Gunnars Jónssonar, lögmanns, frá 18. júní sl., er á grundvelli 3. mgr. 18. gr. samkeppnislaga, leitað álits samkeppnisráðs á fyrirhugaðri sameiningu fyrirtækjanna, Skífunnar og Spors. Lagaákvæðið kveður á um að aðilar sem hyggi á samruna eða yfirtöku, geti leitað álits samkeppnisráðs fyrir fram á því hvort hinn fyrirhugaði gjörningur leiði til markaðsyferráða, dragi verulega úr samkeppni og sé andstæður markmiði samkeppnislaga. Ákvæðið nær einnig til þess ef eigendur með virk yferráð í einu fyrirtæki hyggjast ná virkum yferráðum í öðru fyrirtæki og óska eftir vitneskju um hvort slíkt brjóti gegn markmiði laganna. Samkeppnisráð hefur sex vikur til að taka afstöðu til óskar um álit fyrir fram.

2.

Í maímánuði árið 1993 stofnuðu Jón Ólafsson, aðaleigandi Skífunnar og Steinar Berg Ísleifsson fyrirtækið Spor. Eignuðust þeir hvor um sig 50% hlut í fyrirtækinu. Spor yfirtók rekstur Hljómplötuútgáfunnar Steina og Steinar Músik og Myndir. Þegar Spor var stofnað könnuðu samkeppnisyfirvöld hvort stofnun félagsins með 50% eignaraðild aðaleiganda stærsta fyrirtækis á sama markaði og Hljómplötuútgáfan Steinar og Steinar Músik og Myndir störfuðu á, færi gegn samrunareglu 18. gr. samkeppnislaga. Niðurstaða athugunar samkeppnisyfirvalda var sú að um samruna eða yfirtöku í skilningi samkeppnislaga væri að ræða. Athuginin leiddi einnig í ljós að Hljómplötuútgáfan Steinar var í raun gjaldþrota. Með hliðsjón af því höfðust samkeppnisyfirvöld ekki frekar að vegna félagsstofnunar Spors.

3.

Eftir að Spor var stofnað var gerður hluthafasamningur í félaginu. Vegna óvissu um fjárhagsstöðu Steinars Berg Ísleifssonar var samningurinn gerður í nafni Ólafs Ísleifssonar ásamt því sem Jón Ólafsson var aðili að samningnum. Meðal annars er ákvæði um stjórn og stjórnarkjör í félaginu. Þar segir að í þriggja manna stjórn þess verði Jón Ólafsson eða aðili tilnefndur af honum, sem formaður. Einn stjórnarmaður skyldi tilnefndur af Ólafi Ísleifssyni og sá þriðji af lögmonnum, sem hvor aðili sammingsins tilnefni. Markmiði með hluthafasamningnum er lýst en það er að byggja

upp rekstur öflugss félags sem m.a. hafi þau rekstrarmarkmið að annast útgáfustarfsemi á tónlist fyrir erlendan og innlendan markað, viðskipti með höfundarrétt, útgáfustarfsemi á myndböndum o.fl. Þá segir í hluthafasamningnum að Jón Ólafsson lýsi því yfir, persónulega og sem stjórnarmaður í Spori og Skífunni, að hann muni beita sér fyrir því að samkeppni milli félaganna verði með eðlilegum og heiðarlegum hætti. Þá lýsa aðilar því yfir að þeir muni ekki reyna að ná til sín eða fyrirtækja sinna viðskiptasamböndum sem Spor og Skífan hafi.

4.

Með því að eignast 50% í Spori og með hluthafasamkomulagi í félaginu varð Jóni Ólafssyni, aðaleiganda Skífunnar, unnt að hafa ákvarðandi áhrif í Spori. Með því öðlaðist aðaleigandi Skífunnar virk yfirráð í félaginu í skilningi samkeppnislaga, samanber 4. gr. laganna. Við það urðu Skífan og Spor að einni samkeppnislegri einingu.¹

Stofnun Spors og yfirtaka félagsins á rekstri Hljómplötuútgáfunnar Steina og Steina Músik og Myndir fól því í sér slíka samþjöppun á viðkomandi markaði að samkeppnisyfírvöld tóku hana til athugunar á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga. Vegna rekstrarlegrar og fjárhagslegrar stöðu yfirteknu fyrirtækjanna, var ekki talið tilefni til íhlutunar.

5.

Hér að framan hefur því verið lýst að samfylking Skífunnar og Spors árið 1993 hafi haft í för með sér breytingar á samkeppnislegri gerð þess markaðar sem fyrirtækin starfa á. Fyrirtækin urðu þá að samkeppnislegri einingu. Fyrirhuguð sameining félaganna tveggja í eitt félag, sem fjallað er um í álitsskipti Gunnars Jónssonar hrl. frá 18. júní sl. mun því, í skilningi 18. gr. samkeppnislaga, ekki hafa í för með sér breytingar á gerð þess markaðar sem fyrirtækin starfa á, þ.e. fyrirhugaður gjörningar leiðir ekki til frekari samþjöppunar á markaðnum en þegar er orðin.

6.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er það álit samkeppnisráðs að fyrirhuguð sameining Skífunnar og Spors hafi ekki í för með sér frekari samþjöppun á markaðnum eða frekari áhrif á samkeppnislega gerð markaða sem fyrirtækin starfa á, en þegar varð í maí 1993. Fyrirhuguð sameining getur því ekki komið til athugunar á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga.

¹ Sjá álit samkeppnisráðs nr. 2/1998, Fyrirhugaðar eignarhaldsbreytingar í Hagkaupi hf. og Bónusi sf. og sameining fyrirtækjanna tveggja

